

Alþingi
Erindi nr. P 141/1604
komudagur 16.2.2013

Reykjavík, 15.11.2012

**Tillögur Bandalags sjálfstæðra leikhúsa – SL um
þingskjal 196. mál. – þingsályktun um
menningarstefnu (Lagt fyrir Alþingi á 141.
löggjafarþingi 2012–2013.)**

Á fund allsherjar- og menntamálanefndar þann 31. Janúar kom fram ósk um að SL skilaði inn tillögum á breytingum á menningarsefni. SL þakkar þingmönnum það traust sem okkur er sýnt. Stjórn SL leggur til eftirfarandi breytingar á þingsályktun um menningarstefnu:

Í kaflanum um leiðarljós:

Q. Stjórnvöld hafi það að markmiði að efla sjóði er styrkja sjálfstæða listastarfsemi með það í huga að hvetja til nýsköpunar og útrásar sjálfstætt starfandi listafólks og hópa. Jafnframt ber stjórnvöldum að skapa starfsgrundvöll og tryggja sjálfstæði þeirra listamanna og hópa sem kjósa að starfa utan menningarstofnana.

Með þessu móti er viðurkennt mikilvægi starfsemi sjálfstæðra listamanna og hópa og að þeir sé mikilvægur og stór þáttur í fjölbreyttri flóru listsköpunar.

Í kafla I Menningarþáttaka bætist við eftirfarandi:

8. Stjórnvöld tryggi réttlátt starfsumhverfi fyrir sjálfstætt starfandi listamenn, sem hafa valið að auka menningarþáttöku almennings á eigin forsendum, gagnvart menningarstofnunum.

Viðurkenning á að þrátt fyrir mikilvægi menningarstofnanna hafa margir listamenn sem starfa sjálfstætt verið brautriðjendur í aukinni menningarþáttöku almennings. Einnig ber að tryggja starfsumhverfi slíkra aðila gagnvart nýrri kröfu til menningarstofnana að hefja innrás á þann markað en þær geta auðveldlega rutt öðrum úr vegi vegna fjárhagslegs og samfélagslegs bolmagns.

Að eftirfarandi grein í kafla II um Lifandi menningarstofnanir verði eftirfarandi:

3. Menningarstofnanir efni til samstarfs við sjálfstæða aðila, báðum til hagsbóta, og stefni að auknum sveigjanleika í starfsemi sinni og stefnu Menningarstofnanir sækist eftir samstarfi við grasrótina í menningarlífinu til að efla starf sitt og stuðla að nýsköpun. ***Ef um samstarf við sjálfstæða aðila er að ræða ber menningarstofnun að sjá til þess að allir sem starfa þar njóti sömu kjara og réttinda.***

Hér er nauðsynlegt að umorða. Sjálfstætt starfandi listamenn þurfa ekki að komast undir verndarvæng stofnanna. Slíkt samstarf m.a. í sviðslistum hefur ekki skilað neinum ávinning fyrir hópa heldur hafa stofnanir í krafti aðstöðu s.s. húsnæðis og tækjabúnaðar getað eignað sér listsköpun sjálfstæðra hópa án fjárhagslegra skuldbindinga gagnvart listamönnum. Um það er hægt að

lesa í skýrlunni um Hagræn áhrif skapandi greina. Í kaflanum um sviðslistir kemur skýrt fram að almennum störfum hjá sviðslistastofnunum hefur fjölgað en stöðugildum listamanna hefur fækkað. Á sama tíma eykst áhorfendafjöldinn í stofnunum. Stofnunum er frjálst að ráða hvern þann til starfa sem þeir telja að geti verið til hagsbóta en það verður að vera á þeirra forsendum og ekki á kostnað sjálfstætt starfandi listamanna.

Í kafla IV komi eftirfarandi viðbót:

3. Íslenskum listamönnum verði gert auðveldara að taka þátt í erlendu listalífi og hlutverk kynningarmiðstöðva í að styðja við það starf verði eftl. **Stjórnvöld muni sjá til þess að allar listgreinar hafi aðgang að kynningarmiðstöðvum og þeim sé tryggð starfsskilyrði í samræmi við ólíkar þarfir sinna listgreina.**

Enn er ekki til kynningarmiðstöð fyrir sviðslistir. Það er frumforsenda ef ábyrgð og verkefni eiga að færast til þeirra samkv. menningarstefnu að öllum listgreinum sé tryggður aðgangur að slíkri miðstöð.

Í kafla VI Stafræn menning bætist við:

7. Stjórnvöld vinni markvisst að því að auðvelda sjálfstætt starfandi listamönnum að gera listsköpun sína aðgengilega á stafrænu formi m.a. í gegnum kynningarmiðstöðvar allra listgreina.

Það ætti líka að vera á ábyrgð stjórnvalda að tryggja stafræna söfnun/ritun hjá sjálfstæðum listamönnum líkt og hjá stofnunum og slíkt er hægt með því að fela kynningarmiðstöðvum allra listgreina að sjá um slíkt.

Ef þessar breytingar verða gerðar á menningarstefnunni þá mun hún ekki vera eins stofnanavæn eins og hún er í dag. SL telur það mikilvægt að þáttur sjálfstæðra listamanna sé viðurkendur og að stjórnvöld telji sig hafa skildum að gegna gagnvart þeim líka.

Fyrir hönd Stjórnar SL

Gunnar I. Gunnsteinsson
Framkvæmdastjóri SL